

Ár 2019, mánudaginn 1. apríl er í áfrýjunardómstóli HSÍ í málinu nr. 1/2019:

Ungmennafélagið Fjölnir

gegn

Knattspyrnufélaginu Val

og

Handknattleiksdeild Fimleikafélags Hafnarfjarðar

kveðinn upp svohljóðandi

d ó m u r :

Málið dæma Gunnar Jónsson, Jóhannes Albert Sævarsson og Þorsteinn Einarsson.

Áfrýjað er dómi dómstóls HSÍ, uppkveðnum 18. mars sl. Fyrir þeim dómi gerði áfrýjandi þessar kröfur: „...að mark það sem leikmaður kærða skoraði úr vítakasti eftir að hið kærða atvik átti sér stað verði látið niður falla og úrslit leiksins ákveðin 22-21 fyrir Fjölni. Til vara er þess krafist að endurtekinn verði sá leiktími sem eftir var þegar hið kærða atvik átti sér stað (5 sekúndur) og til þrautavara að leikurinn verði spilaður aftur í heild sinni.“

Þá gerði áfrýjandi kröfu um að bikarúrslitaleikur færi fram að nýju, yrði fallist á kröfur hans.

Dómstóll HSÍ hafnaði öllum kröfum áfrýjanda.

Áfrýjandi skilaði áfrýjunargreinargerð til HSÍ þann 21. mars sl., innan þess frests sem til þess er gefinn. Í áfrýjun er gerð krafa um að dómi (orðað úrskurði í áfrýjun) dómstóls HSÍ verði hnekkt og efnisleg afstaða tekin til þeirra krafna sem gerðar voru fyrir dómstóli HSÍ.

Stefnda Knattspyrnufélaginu Val og meðalgöngustefnda Handknattleiksdeild Fimleikafélags Hafnarfjarðar var gefinn kostur á að láta málið til sín taka við áfrýjun. Knattspyrnufélagið Valur ítrekaði kröfur sem gerðar voru fyrir dómstóli HSÍ og vísaði til greinargerðar sinnar fyrir honum. Handknattleiksdeild Fimleikafélags Hafnarfjarðar lét málið ekki til sín taka.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur með vísan til forsendna.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Gunnar Jónsson

Jóhannes Albert Sævarsson

Þorsteinn Einarsson